



## LÁNAMÁL RÍKISINS

# ALMENNIR ÚTBOÐSSKILMÁLAR RÍKISVÍXLA

1. Ríkisvixlar eru boðnir út í samræmi við útgáfudagatal Lánamála ríkisins. Eigi síðar en einum bankadegi fyrir útboð verður tilkynnt hvaða flokkur ríkisvixla verður í boði, útboðsdagur viðkomandi flokks og uppgjörsdagur. Með sama fyrirvara verður einnig tilkynnt ef útboð fellur niður. Tilkynning skv. framangreindu verður birt með opinberum hætti.
2. Um ríkisvixlana gildir að öðru leyti *Almenn lýsing íslenskra ríkisvixla* sem finna má á heimasíðu Lánamála ríkisins: [www.lanamal.is/rikisverdbref/rikisvixlar](http://www.lanamal.is/rikisverdbref/rikisvixlar)
3. Seðlabankinn f.h. ríkissjóðs Íslands áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð, samþykkja hluta þeirra eða hafna öllum tilboðum sem berast í útboði ríkisvixla. Nema að annað sé tekið fram í útboðstilkynningu er útboðum þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkt verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður þá söluverðinu.
4. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð í tengslum við útboð ríkisvixla. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlaupi á heilum milljónum króna.
5. Tilboð má einungis senda til Seðlabankans í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 10:30 og 11:00 á útboðsdegi, nema annað sé tekið fram í útboðstilkynningu (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum.
6. Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við Lánamál ríkisins hjá markaðsviðskiptum og fjárstýringu hjá Seðlabanka Íslands í síma 569 9635. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Seðlabankanum fyrir kl. 11:00 á útboðsdegi (eða öðrum tíma skilgreindum í útboðs tilkynningu þegar útboði lýkur).
7. Við sérstakar aðstæður og að höfðu samráði við aðalmiðlara er Seðlabankanum heimilt að fresta útboði innan dags, eða fella niður útboð t.d. ef ekki er hægt að halda útboð vegna tæknilegra vandamála.
8. Niðurstöður útboðsins verða tilkynntar með opinberum hætti og sendar aðalmiðlurum.

9. Greiðsla fyrir ríkisvísla skv. tilboðum sem tekið verður í útboðinu, þarf að berast Seðlabankanum fyrir kl. 14:00 á uppgjörssdegi, og verða bréfin afhent rafrænt sama dag. Berist greiðsla ekki á réttum tíma áskilur Seðlabankinn sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.